

Reiknaðu með framtíðinni

Nýju lífeyris- og lánareiknivélarnar á vefnum okkar, birta.is, fá lofsamlega dóma þeirra sem þær nota, enda með þeim bestu af þessu tagi. Þær eru aðgengilegar, auðveldar í notkun og veita skýrar, myndrænar og auðskiljanlegar upplýsingar.

Hægt er að reikna út lífeyrisréttindi í samtryggingardeild sjóðsins að gefnum nauðsynlegum forsendum um aldur, mánaðarlaun, vænta ávöxtun og hvenær farið er á eftirlaun. Unnt er að taka tilgreinda séreign og viðbótarlífeyrissparnað með í útreikninga ef svo ber undir.

„Við hvetjum sjóðfélaga eindregið til að verja tíma í að kanna og prófa lífeyrisreiknivélina, breyta forsendum á ýmsa vegu til að sjá hvernig það breytir lífeyrisréttindum. Fólk á öllum tímum æviskeiðsins ætti að nota lífeyrisreiknivélina til að velta fyrir sér stöðu sinni hvað varðar lífeyri og afkomu á efri árum. Þetta tæki nýttist meira að segja þeim sem vilja sækja sér efni í þjóðfélagsumræður um lífeyrismál,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.

Fróðlegt er til dæmis að skoða í reiknivélinni hvaða áhrif það hefur að hefja töku lífeyris 67 ára og sjá svo til samanburðar hvað gerist ef lífeyristöku er flýtt eða frestað.

Það er líka athyglisvert að sjá hverju það skilar í lífeyri ef sjóðfélagi byrjar strax í upphafi starfsævinnar að greiða í séreignarsjóð eða í tilgreinda séreign.

Notendur nýju lánareiknivélarinnar geta fengið upplýsingar um heildargreiðslubyrði mismunandi sjóðfélagalána, bæði óverðtryggðra og verðtryggðra, með föstum eða breytilegum vöxtum. Það færist nefnilega í vöxt að menn sækji um sjóðfélagalán sem eru verðtryggð að hluta og óverðtryggð að hluta með mismunandi vaxtakjörum.

Nýjar reiknivélar Birtu eru öndvegistæki til að bera saman kosti sem bjóðast varðandi lífeyri og lán. Við látum þó ekki þar við sitja heldur vinnum að fleiri reiknivélum og nýjungum.

Birta lífeyrissjóður leggur sjóðfélögum lið við að reikna með framtíðinni. Við erum og ætlum í allri hógværd að vera þar í fararbroddi með bestu reiknitólin!



Umsókn um lán.pdf

Sækja um lán

2,83%

Breytilegir vextir

Verðtryggð

Lægri greiðslubyrði í upphafi, en hægari eingamyndun.

NÁNAR UM LÁN →

5,35%

Breytilegir vextir

Óverðtryggð

Hærrí greiðslubyrði yfir lánstímann, en hraðari eignamyndun.

NÁNAR UM LÁN →

Lánsrétt hafa sjóðfélagar sem greiða eða hafa greitt til sjóðsins og uppfylla önnur skilyrði lánareglna. Hámarkslán miðast við veðrymi, mat á lánshæfi og greiðslugetu umsækjanda, sbr. lánareglur Birtu. Lágmarkslán er 1.000.000 kr.

Reikna lán

Markaðsverð

40.000.000 kr.

Lánssupphæð

20.000.000 kr.

Lágmark 1.000.000
Hámark 65%

Lagalegur fyrirvari

REIKNNA

Verðbólguþá

1,74% (meðaltal síðis)

Greiðslugjald

130 kr. (Tilkynninga-)

Vaxtaþrósent

Breyta vöxtum

Verðtryggt lán

70.436kr.

Meðalafborgun fyrsta árs

Lánstími

40 ár

Vextir

2,83% breytilegir

Greiðslufyrirkomulag

Jafnar greiðslur

Heildargreiðsla: **48.246.024 kr.**
Árleg hlutfallstala kostnaðar: **4,68 %**

VELJA

Blandað lán

85.972kr.

Meðalafborgun fyrsta árs

Lánstími

40 ár

Vextir

2,83% breytilegir 5,35% breytilegir

Greiðslufyrirkomulag

Jafnar greiðslur

Heildargreiðsla: **48.485.567 kr.**
Árleg hlutfallstala kostnaðar: **4,76 %**

VELJA

Óverðtryggt lán

101.250kr.

Meðalafborgun fyrsta árs

Lánstími

40 ár

Vextir

5,35% breytilegir

Greiðslufyrirkomulag

Jafnar greiðslur

Heildargreiðsla: **48.600.357 kr.**
Árleg hlutfallstala kostnaðar: **5,51 %**

VELJA

Þrír nýir forstöðumenn sviða hjá Birtu lífeyrissjóði

Birta lífeyrissjóður hefur ráðið í þrjár nýjar stöður forstöðumanna skrifstofu- og rekstrarsviðs, lífeyrissviðs og eignastýringarsviðs.

Hanna Þórunn Skúladóttir, nýr forstöðumaður skrifstofu- og rekstrarsviðs, er viðskiptafræðingur MBA frá Háskóla Íslands 2006 en nam áður mannauðsstjórnun og viðskipta- og rekstrarfræði við EHI. Hún var mannauðsstjóri Kvosar hf./Prentsmiðjunnar Odda 2007-2014, fjármálastjóri Formaco ehf., ráðgjafi hjá Alta ehf., skrifstofu- og mannauðsstjóri Netverks og fjárreiðustjóri Ferðaskrifstofu Íslands. Hún var varastjórnarmaður Birtu lífeyrissjóðs og áður stjórnarmaður í Sameinaða lífeyrissjóðnum og hjá Prenttæknistofnun.

Sigprúður Jónasdóttir, nýr forstöðumaður lífeyrissviðs, er rekstrarfræðingur frá Háskólanum á Bifröst 1991. Hún hefur starfað hjá Birtu lífeyrissjóði frá stofnun sjóðsins í desember 2016 og var áður hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum frá 1996. Áður starfaði hún meðal annars við bókhald, fjárhags- og launabókhald og fleira hjá Jöklum hf., Bar hf., Borgarkjallaranum hf. og Hóтели Bifröst.

Soffía Gunnarsdóttir, nýr forstöðumaður eignastýringarsviðs, er með BA próf í hagfræði og BSc próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 2000 og próf í verðbréfavíðskiptum frá EHI. Hún lauk MBA prófi frá Háskólanum í Edinborg 2005 og MA í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands 2012. Soffía starfaði hjá Glitni, Íslandsbanka og VÍB á árunum 1999 til 2008, réði sig til starfa í eignastýringu Stafa lífeyrissjóðs 2012 og hefur sinnt eignastýringu Birtu lífeyrissjóðs frá því að sjóðurinn varð til við sameiningu Stafa og Sameinaða lífeyrissjóðsins 2016.



Frá vinstri: Hanna Þórunn, Sigprúður, Soffía.

Samskipta- og siðareglur og reglur um hæfi lykilstarfsmanna

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs hefur sett sjóðnum nýjar samskipta- og siðareglur þar sem kveðið er á um góða starfshætti, hagsmunaaðrekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga, starfstengdar ferðir og boðsferðir, gjafir, önnur störf og fleira er varðar það markmið reglnanna að „stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum“.

Þá hefur stjórn Birtu lífeyrissjóðs sett reglur um hæfi lykilstarfsmanna sjóðsins í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins þar að lútandi. Markmiðið er að „viðhalda trausti sjóðfélaga og viðskiptaaðila, efla trúverðugleika Birtu lífeyrissjóðs og draga úr hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu í rekstri lífeyrissjóðsins vegna starfa lykilstarfsmanna“. Reglurnar eru birtar á vefnum birta.is.

Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar



Kristján Geir Pétursson, lögfræðingur Birtu lífeyrissjóðs, tók þátt í að undirbúa stofnun óháðra samtaka fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða og annarra fjárfesta á Íslandi og var kjörinn í stjórn þeirra. Hliðstæð samtök eru til annars staðar á Norðurlöndum: Dansif, Finnsif, Norsif og Swesif. Einnig eru starfandi evrópsk samtök á sama sviði, Eurosif.

„Fyrirmyndir er einkum að sækja til Norðurlanda og þá aðallega til Noregs og Svíþjóðar. Þar eru umræður um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar lengst komnar og áhrif slíkra viðhorfa mikil og hraðvaxandi.“

Nú í nóvember bættust sem sagt íslensk samtök í hópinn, Iceland SIF. Markmið þeirra er að upplýsa, auka þekkingu og örvu umræður um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar meðal fjárfesta, fjármálafyrirtækja og annarra sem áhuga hafa á málefnum.

Í þessu samhengi má jafnframt nefna að Birta lífeyrissjóður er aðili að reglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, *Principles for Responsible Investment*. Frekari upplýsingar um þær er að finna á vefnum birta.is.

Útlit fyrir betri afkomu í ár en 2016



„Á fyrri hluta árs 2017 var vöxtur í iðgjöldum og lánum. Rekstur og ávöxtun var talsvert betri þá en á fyrri hluta árs 2016 þegar alþjóðlegir fjármálamarkaðir nötruðu vegna bakslags í Kína og þeirrar ákvörðunar Breta í þjóðaratkvæðagreiðslu að segja skilið við Evrópusambandið,” segir **Ólafur Sigurðsson**, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.

„Við höfum séð ágæt uppgjör félaga sem eru fyrirferðarmikil í eignasafni Birtu, sérstaklega Marels. Erlendar eignir okkar koma líka vel út. Uppgjör Haga og NI verður að skoða í ljósi augljósra áhrifa af komu verslunarrisans Costco inn á íslenskan markað.“

- Virkir sjóðfélagar Birtu lífeyrissjóðs voru 15.424 um mitt ár 2017. Iðgjöld tryggingardeildar námu alls 6.599 milljónum króna fyrstu sex mánuði ársins sem er 12,6% aukning frá sama tíma í fyrra.
- Lífeyrisþegar voru 12.513 um mitt ár 2017 og lífeyrisgreiðslur tryggingardeildar alls 4.685 milljónir króna á fyrri helmingi ársins sem er 8,7% aukning frá sama tíma í fyrra.
- Nafnávöxtun sjóðsins var 6,6% og raunávöxtun 4,4% fyrstu sex mánuðina, uppreiknað á ársgrundvöll.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 332.467 milljónum króna um mitt ár og hafði aukist um 3,8% frá áramótum.
- Tryggingafræðileg staða Birtu lífeyrissjóðs hefur batnað nokkuð. Heildarskuldbindingar námu 3,6% umfram heildareignir um mitt ár en voru 4,1% umfram heildareignir í byrjun árs 2017.

1.250 skráðir í tilgreinda séreign

Alls hafa um 1.250 sjóðfélagar Birtu lífeyrissjóðs óskað eftir því að viðbótariðgjaldi atvinnurekenda verði að hluta ráðstafað í tilgreindan séreignarsparnað (skrifað 1. nóvember 2017). Þrír af hverjum fjórum notuðu rafræna gátt á vef Birtu til að tilkynna sjóðnum ákvörðun sína um ráðstöfun viðbótariðgjaldsins.



Fundur fulltrúaráðs launamanna í Birtu lífeyrissjóði í október 2017 þar sem fjallað var um tilgreinda séreign og fleira.

Í kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2016 var kveðið á um alls 3,5% hækkun mótframlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði fólks á almennum vinnumarkaði í þremur áföngum frá 1. júlí 2016 til 1. júlí 2018. Jafnframt að sjóðfélagar gætu valið að ráðstafa mótframlaginu í

tilgreindan séreignarsparnað, ella rynni það allt í samtryggingu viðkomandi lífeyrissjóða.

Fyrir lá að breyta þyrfti lögum til að framfylgja kjarasamningnum eins og til var stofnað að því er varðaði tilgreinda séreign. Fjármálaráðherra hugðist leggja fram lagafrumvarp á Alþingi um það leyti sem ríkisstjórnarsamstarfi var slitið í september og þingskosningar boðaðar í lok október 2017. Verkefnið bíður því nýrrar ríkisstjórnar og nýkjörins Alþingis.



Aðventukaffi Birtu


Starfsfólk Birtu býður sjóðfélögum í aðventukaffi og spjall í aðsetri lífeyrissjóðsins á 5. hæð að Sundagörðum 2 í Reykjavík fimmtudaginn 7. desember kl. 16.30.

Tilfnið er einfaldlega að eiga notalega samverustund síðdegis á jólaföstunni og rabba saman í góðum hópi um það sem hverjum og einum liggur á hjarta.

Starfsfólk Birtu verður í hlutverki gestgjafa og tekur fagnandi á móti sjóðfélögum í aðventuskapi!


Sparnaðarleiðir Birtu

Marka skal fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða ársins 2018 fyrir 1. desember. Sú vinna var í gangi hjá Birtu lífeyrissjóði þegar fréttabréfið fór í prentun. Eignasamsetningu samkvæmt nýrri fjárfestingarstefnu er því ekki unnt að sýna heldur birtist hér eignasamsetning sparnaðarleiða séreignardeildar í lok október 2017.




BLÖNDUÐ LEIÐ

Í blandaðri leið Birtu er lögð áhersla á eignadreifingu. Hlutabréfin eru í fyrirtækjum um víða veröld og vægi erlendra eigna verður aukið í hlutabréfasafninu 2018. Skuldabréfin eru að stærstum hluta ríkisskuldabréf, skuldabréf sveitarfélaga og annarra traustra skuldara.



SKULDABRÉFALEIÐ

Skuldabréfaleið er ætlað að gefa stöðuga ávöxtun, bæði til skemmri og lengri tíma. Megináherslan er á verðtryggt skuldabréf traustra útgefenda, svo sem ríkis og sveitarfélaga.




INNLÁNSLEIÐ

Eignir Innlánsleiðar eru innlán í bönkum og má búast við jafnri og stöðugri ávöxtun, þó að hún geti verið lægri til lengri tíma lítið en í sófnum þar sem sveiflur eru meiri.

Við val sparnaðarleiða er skynsamlegt að miða við aldur, fjárhagsstöðu, viðhorf til áhættu og sérstakar aðstæður hvers og eins ef svo ber undir.

Sjóðfélagar geta aflað upplýsinga um ávöxtun, eignaskiptingu og eigin séreignarsparnað á vefnum birta.is sem uppfærður er daglega.



Langflest lán sjóðfélaga eru vegna endurfjármögnunar



„Sjóðfélagalánnum vegna fasteigna-kaupa fækkaði umtalsvert þegar leið á árið 2017. Langflest sjóðfélagalán núna eru vegna endurfjármögnunar eldri og dýrari lána af ýmsu tagi. Nokkuð er um að menn taki meira að láni en svarar til endurfjármögnunarinnar og noti til viðhalds eða endurbóta á húsnæði.

Lán til sjóðfélaga lífeyrissjóða eru þau hagstæðustu sem bjóðast. Það

sést best á því að oft eru sjóðfélagar að minnka greiðslubyrðina sína þrátt fyrir að þeir taki stærri lán en duga til að endurfjármagna eldri lán þeirra vegna húsnæðiskaupa.“ Þetta segir **Íris Anna Skúladóttir** lánastjóri Birtu lífeyrissjóðs.

Sjóðfélagalánnum hefur greinilega fjölgað í heildina hjá sjóðnum. Um 130 slík lán voru samþykkt á þremur mánuðum, frá ágúst til október 2017 sem telst verulegt í ljósi þess að tímabilið nær vel inn í sumarið, þann árstíma sem jafnan er rólegur í þessum þætti starfseminnar. Til samanburðar voru veitt alls 275 ný sjóðfélagalán hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum og Stöfum lífeyrissjóði, fyrirrennum

Birtu, allt árið 2016 sem jafngildir um 69 lánnum fyrir hvert þriggja mánaða tímabil.

Vextir lífeyrissjóða eru í sögulegu lágmarki. Verðtryggðir vextir Birtu lífeyrissjóðs eru 2,83% (nóvember 2017) og þannig komnir vel undir 3,5% ávöxtunarviðmið lífeyrissjóða. Óverðtryggðir vextir Birtu eru 5,35% (miðast líka við nóvember 2017).

Íris Anna segir að mun meiri eftirspurn sé eftir verðtryggðum en óverðtryggðum lánnum.

„Hins vegar skynjum við starfsmennirnir vel að óverðtryggðu lánin sækja í sig veðrið í seinni tíð. Um fjórða til fimmta hvert nýtt lán var óverðtryggt það sem af er árinu.“

Birta lífeyrissjóður lánaði upphaflega sem svaraði til allt að 75% af kaupverði fasteignar en lækkaði hlutfallið niður í 65% 1. júlí 2017.

Íris Anna segir að Birta hafi með þessu viljað draga úr útlána-áhættu sjóðsins. Um háar upphæðir sé að tefla þegar fasteignaverð sé orðið svo hátt sem raun ber vitni og 75% lán geti þar með verið svo há upphæð að lántakandi lendi í miklum vandræðum með afborganir ef tekjur dragist saman af einhverjum ástæðum.

Lítið er um vanskil sjóðfélagalána hjá Birtu. Hlutfall vanskila af útlánnum var vel innan við 1% um mitt ár 2017.